

ALDASKIPTASPÁRNAR OG HIN NÝJA NÁTTÚRUFRÆÐI

I

Mörgu hefir verið spáð um þau tíðindi, sem nú eru að gerast, og í vændum eru, og meiri eru en nokkur, sem orðið hafa áður, enda um að ræða úrslita-aldaskipti fyrir mannkyn jarðar vorrar. Er nú þegar ljóst, að sumar af spám þessum hafa sannar reynst, en aðrar ekki, og þó ekki sjaldan eitthvað í áttina, eins og vel er skiljanlegt, þegar menn fara að bera nokkurt skynbragð á eðli spádóma. Skulu nú sumar hinar merkilegustu af spám þessum hér athugaðar í ljósi nokkurrar nýrrar þekkingar, sem rétt er að nefna náttúrufræði.

II

Árið 1920 kom út í Stokkhólmi bók, sem heitir: Nya Syner om Världens Framtid. Höfundur og útgefandi A. Gustafson. Í bók þessari er sagt frá merkilegum spámanni í Lebesby norður á Finnmörk, Anton Johansson, er vel getur verið að sé á lífi enn, f. 1858. Var hann bóndi og fiskimaður, og mörg sumur fylgdarmaður norskra liðsforingja við landmælingar þar norðurfrá. A.J. var trúmaður mikill, og hélt að það væri sjálfur Kristur, sem sýndi honum það, sem fyrir hann bar, og sagði honum jafnframt hvað það býddi. Ekki er ólíklegt, að það sé að nokkru leyti að rekja til þess, að hann hafði verið mikið með liðsforingjum, hve mjög hann sá styrjaldarsýnir (stillilögmálið). A. J. sá oftár en einu sinni fyrir drukknanir, og mun það vera það vanalegasta, að forspáir menn séu helst sannspáir þegar um einfalda atburði er að ræða. Aðfaranótt 14. nóv. 1907 er A. J. vakinn af rödd, sem segir: „Þér mun veitast að þekkja leyndardóma Himnaríkis. Fyrsta ógæfan, sem þú verður fyrir, er

að bróðursonur þinn mun drukkna á morgun.“ Sér hann síðan hvernig slysið verður. Hann kemur sér ekki til að tala um þetta við piltinn, sem fer út á sjó án þess að A. viti af. Um kl. 4 er A.J. útivið að kljúfa brenni. Finnst honum þá allt í einu, sem steipt sé yfir hann köldu vatni, og jafnframt verður hann gagntekinn af angist og á mjög erfitt um andardrátt. Verður honum nú ljóst, að bróðursonur hans sé að drukkna. Eftir nokkra stund færist yfir hann ró og friður, og þykist hann þá vita, að dauðastríðinu sé lokið. Það sem er mjög fróðlegt í þessu, er að A.J. fær þátt í dauðastríði bróðursonar síns, bæði líkamlega og andlega. En hefðu þeir verið margir, sem þesskonar samband fengu, þá hefði ekkert dauðastríð orðið, og piltinum mátt bjarga, jafnvel þó að hann hefði legið heilan dag á sjávarbotni. Liggja fyrir læknisfræðinni miklar og furðulegar framfarir í þessa átt, þegar líffræðinni hefir í þessum efnum miðað áfram eins og þarf.

Annað fróðlegt dæmi slíks sambands er þarna nefnt. Þessa sömu nótt, 1907, er A.J. einnig sagt, að stórt nýtt skip, sem heiti Titanic, muni farast í fyrstu ferð sinni vestur yfir hafið. Hann sér jötunstórt eimskip rekast á fjalljaka, heyrir ógurlegan brest og jafnframt verður hann gagntekinn af angist. Eina nótt í apríl 1912, getur A.J. ekki sofið, honum er mjög órótt og orðið Titanic kemur aftur og aftur fram í huga hans. Þvínæst finnst honum sem skelli yfir hann köld bylgja og „ískuldi gagntekur sál“ hans. En síðan færist yfir hann ró og friður. Þetta var nóttina, sem Titanic fórst.

Það, sem A.J. sá 1907, var ekki framtíðin, heldur atburður, sem gerðist á annarri jörð, þar sem líkt er ástatt og hér á jörðu, en viðburðarásinni lengra komið, svo að það sem þar er nútíð, er, eða réttara sagt, svarar til þess, sem á vorri jörð er framtíð, og má af því að íhuga þetta, fá nokkurn aukinn skilning á eðli flestra spádóma. Það, sem þarna er haft eftir A.J., bendir til þess, að þegar honum gefur sýn frá annarri stjörnu, þá sé það meir angistin, hið andlega ástand farþeganna á hinu mikla skipi, sem hann fær þátt í; en þegar Titanic ferst, þá fær hann einnig þátt í kuldatilfinningu

hinna ógæfusömu manna, sem eru að berjast við dauðann, í jökulköldum sjónum.

Annan Norðmann er getið um í þessari bók, sem líkum gáfum er gæddur og Anton Johansson, og heitir sá Masselo Hauge. Þegar Fridtjov Nansen var í hinni frægu norðurför sinni 1893—6, átti Hauge heima í Kristjaníu (Oslo), og um tíma skrifaði hann hjá sér og merkti á landabréf ýmislegt um ferðalag Nansens dag frá degi. Landabréfið var því næst innsiglað og fengið háskólanum í Oslo til geymslu. Var það tekið fram, þegar Nansen kom heim, og sást þá, að það sem Hauge hafði skrifað, kom alveg heim við dagbók Nansens frá þeim tíma. Staðreyndir eins og þessi, ættu að gera mönnum auðveldara að skilja eðli draumlífsins, og hætta hinsvegar að vera eins undarlegar, þegar það er uppgötvað.

Ef vér snúum oss nú að hinum stærri spám A.J., þá verður því ekki neitað, að þar er allmikið málum blandað. Þó er það aðalatriði alveg rétt, að framundan væru stórtíðindi, þess eðlis, að spámaðurinn jafnaði þeim til feiknafrásagna Opinberunarbókarinnar. Og er að vísu um úrslitaöld að ræða hér á jörðu, svo að nokkur skyldleiki er við þau tíðindi, sem Opinberunin segir frá, þó að stórkostlegri séu. A.J. sagði fyrir heimsstyrjöldina haustið 1913, og að miklir friðarsamningar mundu fara fram 1918, en þar hefir verið að honum fundið, er hann sagði, að ófriðnum mundi ekki verða lokið þá. Ísland er aðeins í eitt skipti nefnt í þessum spám, og það svo skritilega, að ég tek það upp orðrétt: „Herren sade sálunda: „Där ser du den stora Bergensbranden, där har du världskriget, där det våldsamma jordskalvet (eller vulkanutbrottet) i Nordsjön — — Island — — där Sveriges krig 1953““ etc.

Það virðist ekki ólíklegt, að þarna votti fyrir tilraun til að fá spámanninn til að segja eitthvað um Ísland, en stórkostlegur jarðskjálfti eða eldgos í Norðursjónum (þ.e. Englands-hafi) er vitanlega ekki sama sem þesskonar tíðindi á Íslandi. Það hefir enn verið fundið að A.J., að hann hafi sagt, að „mestur hluti Belgíu og ennfremur mikið af Norður-Frakklandi, og einnig Eystrasaltslöndin og Ukraine, mundu liggja

undir Þýskaland“; en Gustafson afsakar spámanninn með því að segja, að spá þessi eigi við þann tíma, er Svíþjóð muni eiga í stríði (1953). Kemur sú spá A.J., að ekki verði kominn á friður svo seint, illa heim við spár Rutherfords; aftur á móti ber þeim nokkru betur saman, þegar A.J. hefir það eftir „drottni“, að um 7 ára bil muni Norðurálfulöndin verða að þola illt af styrjöld og annarri óáran, og er þó hætt við að spáin hafi hjá A.J. átt við hina fyrri heimsstyrjöld, en hjá Rutherford er átt við þessa, sem nú er.

III

Það virðist vera mjög erfitt, að fá í spám getið þjóðar, sem ekki er frægari en vér Íslendingar erum ennþá. Má þetta marka t.d. af því, að hinum framliðna William Morris, skáldinu, sem mat Ísland meir en flestir útlendingar aðrir, og stórkostlega hafði ort um framtíð þess, tókst þó ekki að fá miðilinn, sem hann eftir líkamslátið leitaðist við að tala í gegnum, til að nefna Ísland á nafn, hvað þá meira. Og skritilega kemur þetta fram, þegar „Ísland“ verður að „Islam“, eins og nærri liggur að ætla að orðið hafi í miðilspá, sem Cornillier segir frá í hinni merku bók sinni: *La Survivance de l'Ame, et son Évolution après la mort*; París, 1921, s. 112. „Andinn“, sem talar við hann fyrir miðils munn, segir honum, að Íslam (þjóðirnar, sem trúa á Múhameð) eigi undursamlega stórkostlega framtíð fyrir höndum. En svo bætir hann því við, að þeir, sem nú lifa (hér á jörðu), muni ekki fá að sjá þessa stórkostlegu framtíð Íslams, eða þá aðeins handanað. Það, sem þér munuð fá að sjá, segir „andinn“, er á hinn veginn það, að mjög mun draga úr þýðingu og mætti Múhameðsþjóða. En þær þjóðir geta beðið. Framtíðin tilheyrir þeim. Það mun koma sá tími, að þjóðir Íslams munu rísa upp sameinaðar og hrinda af sér öllum útlendum áhrifum.“ Væri þessi spá sönn, þá þýðir hún bersýnilega það, að ekki mundu rætast spár William Morris og Rutherfords um stórkostlega framtíð fyrir Ísland. Því að í þeim spám liggur vitanlega, að ekki muni verða um neinn sérstakan uppgang fyrir nein sértrúarbrögð að ræða,

heldur muni það verða að vísindalegri þekkingu, sem allt mannkyn færir sér í nyt, að lífið hér á jörðu er aðeins byrjun, og að í sambandi við þann þekkingarauka, mun hefjast meiri og betri framfaraöld en nokkur hefir látið sér til hugar koma að orðið gæti.

Hin franska spá er líka, þegar að er gætt, mjög tortryggileg, og þeim, sem hafa lagt nokkra stund á að reyna til að skilja þá örðugleika, sem þeir „hinumegin“ eiga við að stríða, þegar þeir eru að leitast við að spá, eða segja frá einhverju, sem ekki er mjög einfalt, getur ekki dulist, að þarna hefir eitthvað átt að segja, sem ekki hefir tekist að koma fram. „Andinn“, sem Cornillier talar við, segir þá líka, að það riði á, „að rugla ekki saman“ (þ.e., að ekki megi rugla saman uppreisn og uppgangi Múhameðstrúarmanna (Musulmanna), sem lúti frönskum og enskum yfirráðum, og hinum undursamlega uppgangi Íslamsþjóða (races islamiques)). Þarna er auðsjáanlega eitthvað, sem „andinn“ vill leiðrétta, en kemur þó ekki leiðréttingunni fram, þar sem langmestur hluti Múhameðstrúarmanna laut einmitt þá frönskum og enskum yfirráðum. Framhaldið af spá þessari er eftirtektað verðara nú, en virst mundi hafa fyrir nokkrum árum. „Slavnesku þjóðirnar“, segir „andinn“, „munu verða mjög þrautreyndar þær munu drukkna í blóði (þannig) en þó munu þær, sakir mannfjöldans, standast raunirnar. Engu að síður munu þó yfirráðin (meginvaldið hér á jörðu) hverfa frá Evrópu til Asíu.“

Þetta er rétt eins og „andinn“ væri að spá því um styrjöld þá, sem nú er, að Rússar muni að vísu ekki verða sigraðir, en hinsvegar muni Japanar sigra, og verða mesta stórveldi jarðarinnar. Er það ófögur spá, því að hún mundi, ef hún rættist, þýða það, að sú tilraun, sem á þessum árum er verið að gera „handanað“, til að bjarga mannkyninu, mundi ekki takast.

„Andi“ Cornilliers segir 1913 fyrir heimsstyrjöld, en tekur sig á því og segir, að í vændum sé meir en ein styrjöld. Ber honum einnig vel saman við Finnmerkurspámanninn í því, að hann segir úrslitatíma og hina ógurlegustu óáran fram-

undan. En Anton Johansson segir, að í því sem fyrir hann bar, hafi ekkert verið um Japana, og eins segir þýska völvan de Ferriem, sem spáð hafði, nokkrum árum áður, meir en einni heimsstyrjöld, að hún hafi ekkert séð fyrir um það, að Japanir mundu verða hættulegir, og var þó á þeim tímum, er sú spá var birt, mikið rætt og ritað um hina svonefndu gulu hættu, bæði á Þýskalandi og víðar.

IV

Þegar ég undantek sumt, sem ritað hefir völvan de Ferriem, þykja mér engar spár líkt því eins merkilegar og þær, sem er að finna í bókum A. Rutherfords. En til að átta sig á þeim, nægir hið ágæta ávarp til íslensku þjóðarinnar, sem síra Bjarni Jónsson flutti í Útvarpinu 2. júní 1939 (í ágætri þýðingu eftir síra Þorvald Jakobsson), 3 mánuðum áður en hófst styrjöld sú, sem nú er, og Rutherford hafði sagt fyrir. „Hversu mikið sem þeim, er rannsaka tímatal spádómanna, kann að bera á milli um þýðingu smáatriða“, segir Rutherford, Ávarp, s. 7, „eru þeir í rauninni sammála um eitt, og það er, að vér nú á dögum erum komnir að endalokum þessarar aldar, og að morgunbjarmi nýrrar aldar er að renna upp.“ Hann hefir það eftir Daníel spámanni, „að þegar endirinn nálgast, muni margir þeysast og geisast fram og aftur, og að þekkingin muni vaxa.“ Bæði spádómum Biblíunnar og þeim, sem menn hafa lesið út úr pýramídanum mikla, ber saman um það, að eftir ógurlegra styrjaldartímabil en verið hefir um allar aldir áður, muni renna upp dýrðaröld, þar sem enginn ófriður er og engar trúarbragðadeilur.

Hin mikla og stórkostlega nýung hjá Rutherford er nú þetta, að hann heimfærir spárnar upp á íslensku þjóðina. Pýramíðinn opinberar, segir hann, að Íslendingar muni verða sú þjóð, er þann heiður hlýtur, að leiða mannkynið inn í þá dýrðaröld, sem nú nálgast óðum, og að þessi mikla andlega upphæfð og forganga þessarar þjóðar mun verða algerlega fullkomnuð um 1948. „Samkvæmt guðlegu áformi“ — segir hann enn fremur — „er högum yðar nú

þannig háttað, að yður er gefið tækifæri, sem ekki er veitt neinni annarri þjóð í heimi“. „Yðar starf“ — segir hann, s. 11 — „einkum í nálægri framtíð, er að vera fyrirrennari og ljósberi.“ Og enn fremur segir hann (í *Iceland's Great Inheritance* 2. ed. 1937, s. 38—9), að frá Reykjavík muni ljósið skína, þar verði miðstöðin: Reykjavík is to be the dynamic centre from which the Divine Light and influence will radiate during the fast approaching crisis of the world-wide time of trouble such as never was since there was a nation. O happy Iceland, and thrice happy Reykjavík.“

Það er ekki auðvelt, að gera of mikið úr því, hvílikt andlegt afreksverk það er, sem Adam Rutherford hefir unnið með því að láta sér skiljast, hvernig í spánum er verið að reyna að segja fyrir hina komandi heimsþýðingu íslensku þjóðarinnar. En þó eiga rit þessa ágætismanns í því sammerkt við allar þessar spár um ógurlegt hörmungatímabil og umskipti á eftir til mjög miklu betra aldarfars en nokkru sinni áður hefir verið hér á jörðu, að þar er alls engin grein fyrir því gerð, hvað umskiptunum muni valda. En það er alveg óhætt að segja það fyrir, að ef ekki verður einhver mjög gagnger breyting á hugarfari mannanna, þá mun friðurinn ekki standa lengur en þangað til þjóðirnar hafa aftur safnað kröftum og auði til nýrrar styrjaldar, og mundi sú verða enn betur undirbúin og enn ógurlegri en þessi er. Þarf ekki að efa, að sú skoðun mundi verða ráðandi meðal valdamanna jarðarinnar, að það sem hverju ríki ríður mest á, sé að vera sem fullkomnust hernaðarvél. Er þá og augljóst, að sjálfstæði smáþjóða mundi verða með öllu úr sögunni. Er þá og einnig auðvelt að segja það fyrir, að ef framvindan yrði á þessa leið, hlyti að því að reka, að mannkynið hætti að vera framfarahæft og öll menning félli niður. En rætist hinsvegar spádómarnir um komandi óslitnar farsældaraldir, þá hlýtur það að þýða, að framvindustefnunni verði gerbreytt, og mannkyninu þannig forðað frá eyðileggingu. Og það er varla hægt að hugsa sér það sem ólíklegra virðist en það, að í þessu sambandi skuli verða að líta til einnar af minnstu smáþjóðum. Þar muni verða upphaf hinnar

nauðsynlegu hugarfarsbreytingar. Og raunar verður að segja það, Rutherford til maklegs lofs, að þegar hann segir, að hér á landi, og sérstaklega hér í Reykjavík, muni koma upp það ljós, sem lýsa muni öllu mannkyni á rétta leið, þá verður ekki misskilið, hvað þetta hlýtur að þýða. Þetta leiðarljós getur ekki þýtt annað en nýjan sannleika, nýja þekkingu, sem hér muni verða fundin, þekkingu, sem líkleg sé til að verða öllu mannkyni að miklum notum. Og þegar þess er gætt, að þetta er nú einmitt það, sem hefir átt sér stað, hér hefir einmitt verið fundin þekking, sem er mjög líkleg til að verða upphaf meiri framfara í vísindum en orðið hafa áður, þá virðist erfitt að gera sér fullnægjandi grein fyrir sljóleika ekki allfárna íslenskra gáfu- og lærdómsmanna gagnvart þessu máli.

V

Löngu áður en rit A. Rutherfords kom út, hafði ég fundið að framvindustefnurnar eru tvær, valið þeim heitin dysexelaxis og diixelaxis eða rangstefna og réttstefna, helstefna og lífstefna, og bent á, að hér á jörðu hefir hinni réttu stefnu ekki verið náð, rangstefnan, helstefnan, hefir ráðið. Ég hefi í kafla þeim í Viðnýal, sem heitir „Nauðsyn Nýalsstefnunnar“, nefnt nokkur dæmi þess, hversu ólíkleg lífsskoðun eða heimspeki ýmissa hinna kunnustu gáfu- og lærdómsmanna, sem nú eru uppi, er til að valda þeirri hugarfarsbreytingu, sem svo mikil er þörfin á. Eru mjög margir miklir menntamenn á vorum dögum, sömu skoðunar og Irwin Edman, mjög annálaður gáfumaður og háskólaprófessor í heimspeki, að „lífið yfirleitt og heimurinn yfirleitt, hafi ekki neinn tilgang.“ En þetta litla, sem mér hefir auðnast að læra í jarðfræði, dýrafræði og enn öðrum fræðum, hefir gert mér unnt að gjörskilja, að sú skoðun er alröng. Lífið er það, sem er að brjótast fram til að skapa heiminn til fullkomnunar. Lífið á hverjum hnetti á að stefna að því takmarki, að geta tekið að sér stjórnina á náttúruöflum og möguleikum þess hnattar, en til þess þarf miklu fullkomnari samstillingu lífmyndanna en orðin er hér á jörðu ennþá. Hér á jörðu hefir

að vísu verið mjög greinileg viðleitni til samstillingar, en andstillingin þá hinsvegar mátt sín svo mikils, að framvindu-stefnan hefir þrátt fyrir allt orðið stefna hinnar vaxandi þjáningar. Eða með öðrum orðum, það er helvegur, sem farinn hefir verið, vegur til glötunar. Virtist mér jafnvel, sem svo mætti heita, að mannkynið væri ekki einungis á glöt-unarvegi, heldur á glötunarbarmi, og að ekki mætti tæpara standa, ef hin nauðsynlega stefnubreyting ætti að geta orðið. Sagði ég vorið 1914, er ég ritaði um þetta fyrst, að til marks um að ég hefði rétt séð, mætti hafa það, að yfirvofandi væru hin mestu voðatíðindi; eins og líka reyndist. Þó var þarna ekki um spá að ræða í hinni vanalegu merkingu orðsins, heldur niðurstöður hugleiðinga, sem rétt er að nefna vís-indalegar. Ennfremur sagði ég nokkru eftir heimsstyrjöldina fyrri, að væri þessu máli ekki sinnt, og stefnubreytingin ekki hafin, mundi verða önnur heimsstyrjöld, ennþá ægilegri en hin fyrri, áður hálfnuð væri þessi öld. Verður því ekki móti mælt, að rás viðburðanna bendir eindregið til þess, að ég hafi rétt séð.

VI

Skal nú að endingu vikið nokkru nánar að spám þýsku völvunnar de Ferriem, því að sumt er þar óefað mjög merki-legt, merkilegra jafnvel en í nokkurri annarri spá, sem mér er kunnugt um, þó að Íslands sé þar ekki getið beinlínis. Formáli bókarinnar „Mein geistiges Schauen in die Zukunft“ er ritaður í Berlín í júlí 1905, og er líklegt, að bókin hafi komið út á því ári.

Völva þessi hefir séð fyrir nákvæmlega ýmsa einfalda atburði, svo sem að elding klýfur tré á tilteknum stað, eða loftbelgur hrapar til jarðar, daginn áður en þetta bar til tíð-inda, og líkist hún í þessu Finnmerkurspámanninum, sem getið er um áður. Hún hefir einnig, eins og hann, séð rétt fyrir bruna, skiptapa, eldgos og jarðskjálfta. Verður af slíku að álykta, að óvarlegt væri að taka ekkert mark á því, sem hún hefir sagt fyrir um stærri og samsettari viðburði, enda er nú þegar reynt, að mikið hefir rétt verið í þessum stærri

spám hennar, þó að hinsvegar geti ekki dulist, að talsvert er málum blandað. Og má þó segja, að sumt hafi nú fyrir skömmu rétt reynst, sem mjög hefði þótt ótrúlegt fyrir aðeins fáeinum árum. Frú de Ferriem er (eða var) menntuð miklu betur en Finnmerkurspámaðurinn og ekki eins biblíu-trúuð.

Mjög fróðleg er sýn völvunnar frá 1903, nokkrum mánuðum áður en konungshjónin í Serbíu, Alexander og Draga, voru myrt. Henni gaf sýn yfir Rússland, hún „sá mikið blóð“ og virtist sem hún sæi keisarahjónin rússnesku myrt. Þegar svo fréttist um morðin í Serbíu, hugði hún að um miskilning hefði verið að ræða hjá sér í sýninni, og að það væri serbneska morðið, sem hún hefði séð fyrir. En eins og nú er löngu kunnugt orðið, þá hafði völvunni ekki missýnst. Eins verður að segja, að það hafi að nokkru leyti verið sannspá, þegar hún sér Rússland í rústum og Frakkland, en Austurríki gerbreytt, og engan þjóðhöfðingja þar af Habsborgarættinni. En jafnframt sér hún Þýskaland ná suður að Pyreneafjöllum og austur að Volgu. En þar sem völvan segir fyrir hinn komandi mikilleik Þýskalands, verður sennilega að muna eftir stilliáhrifum Þýskalandskeisara, sem þá var, og herforingjaráðsins þýska. Hún spáir „styrjöld, sem ekki verði umflúin“, og segir, að þá muni verða barist svo, að fransk-þýska stríðið 1870—71 hafi þar hjá verið sem leikur. Fleiri heimsstyrjöldum spáir hún eins og Cornillier, nokkrum árum seinna.

Ein af skrítnustu spám hennar er sú, að hún segir, að heiminum muni koma mjög á óvart, er Þjóðverjar stofni skyndilega til nýlendu langt norður í heimi með því að leggja undir sig land, og sé þetta í sérstökum tilgangi gert; sér hún einnig, að þetta hernám, eins og nú er nefnt, er undirbúið á leynilegri ráðstefnu, sem er talin mjög þýðingarmikil.

Samband völvunnar við anda — er hún hyggur vera — er mjög mikið. Gefur henni með þeirra tilstyrk sýn víða um lönd, og jafnvel, að því er henni finnst, til annarra stjarna. En hún er mjög tortryggin gagnvart þessu, hefir vitanlega ekki minnsta grun um, að oss gefur í hverjum draumi sýn til

stjarnanna (þó að oft sé til þeirra sem leiðari eru en jafnvel vor jörð). Og þegar henni birtast ljómandi héruð, í fegra ljósi en nokkurn tíma er á þessari jörð, grænar grundir, skemmtigarðar, musteri og önnur stórhýsi, þá heldur hún helst, að um einhverskonar táknræna myndasýningu sé að ræða. „Andleg dýr“ sér hún, og „stjörnur andaheimsins“. — „Himin eigið þér í vændum,“ segir einn „andinn“ við hana, „en ekki himin, eins og þér ímyndið yður hann.“ Virðir þar nokkur tilraun til að leiðrétta hugmyndir völvunnar um dvalarstaði framliðinna, þó að árangurinn sé ekki meiri en sjá má af þessu, sem áður er sagt.

VII

Langmerkilegast af öllu því, sem þessi þýska völuspa flytur oss, er þó það, er hún segir fyrir um framkomu manns, er flytja muni mannkyninu nýjan og mjög áriðandi fróðleik, svo áriðandi, að ný jarðöld muni hefjast. „Ég boða þér, að önnur öld er í vændum,“ segir „andi“ við hana. Og enn fremur: „Stórtíðindi munu verða hér á jörðu.“ „Maður mun koma, það er það, sem ekki mun bregðast.“ Eins og kunnugt er, hefir oft verið spáð endurkomu Krists, en völv þessi ber langt af öllum, sem slíku hafa spáð, því að hún segir, að „koma“ þessi muni ekki verða trúarlegs eðlis. Hún tekur það fram skýrt og skorinort, bæði í bundnu máli og óbundnu — því að hún er ágætlega haggmælt — að það sé enginn Kristur, sem von er á. Völvan yrkir um þetta kvæði, sem nú að vísu um sumt er of stórt, og á við tíðindi á einhverri annarri jörð — sbr. að Swedenborg segir, að samtímis því sem hann flutti mannkyninu kenningar sínar, hafi endurkoma Krists átt sér stað í „andaheiminum“. En sumt er ágætt, og á einmitt við um mig. Því að það er mín kenning, sem verið er að spá fyrir, svo að völvan þýska og Rutherford bæta hvort annað upp. Rutherford spáir því, að frá höfuðborg Íslands muni koma það ljós, er lýsa muni öllu mannkyni til heilla; en af orðum völvunnar má aftur greinilega skilja, hvers eðlis það ljós muni verða.

Man wird nach seinen Worten handeln
Dies wird sein irdisch schönster Lohn

segir völván, og hefir þar alveg hitt hið rétta. Því að ég mundi telja það mín fegurstu laun, að menn færðu sér í nyt þau sannindi, sem ég hefi fundið, og einmitt mundu leiða til slíkra tíðinda, sem völván segir fyrir.

Lokakafli bókarinnar heitir: Meine Visionen über die Zukunft der Wissenschaft vom Geiste: Vitranir mínar lútandi að framtíð vísindanna um andann (eða: hinna andlegu vísinda).

Vitanlega er þetta dálítið villandi, að tala um andleg vísindi, en völván bætir úr því síðar með því að segja, að það, sem átt er við, sé „ný og óþekkt náttúrufræði“.

„Framgangi þessarar nýju hreyfingar verður ekki aftrað,“ segir hún. Og ennfremur: „Mér hefir í fjölmörgum vitrunum verið sýndur framgangur hreyfingarinnar. Og þó að eðlilega miði seint áfram, þá er það víst, að hreyfingin verður ekki stöðvuð.“ Að vísu er nú, eins og við mátti búast, talsvert blandað málum í því sem spákonan segir þessu til frekari útskýringar, þar sem hún gat vitanlega ekki sjálf gert þær vísindalegu uppgötvanir, sem hún er að spá fyrir, en þó má vel skilja, að það, sem verið er að reyna „handanað“ til að fá hana til að segja fyrir, er, að innan skamms muni það verða uppgötvað, að draumurinn er í eðli sínu fjarskynjun; en með þeirri uppgötvun er fyrst hér á jörðu ljósi vísindanna brugðið upp til skilnings því sem nefnt hefir verið mystik (dulræna, dulspeki) og spíritismus.

Völván segir, að sér hafi verið opinberað, að við alla háskóla muni stofnuð verða kennaraembætti fyrir þessa „nýju náttúrufræði“, og af því muni leiða, að unnt verði að samræma fullkomlega kenningar kirkjunnar og kenningar vísindanna, og muni þá renna upp „ný gullöld fyrir mannkynið“. Og er þetta fögur spá og merkileg, sem þó verður að leiðrétta dálítið, ef völván hefir ætlast til að spá hennar beri svo að skilja, sem um það sé að ræða, að endurreisa einhverja gullöld, sem áður hafi verið hér á jörðu. En jafnvel

þó að svo væri ekki, þá mundu menn óvirða hina nýju öld, sem í vændum er, með því að kenna hana við gull. Guðöld væri réttara að kalla þá tíma, sem verða munu, þegar alda-skiptin hafa tekist. Því að þá mun hið guðlega geta farið að ná til vor hér á jörðu, og mannkynið mun á skömmum tíma breytast í æðri líftegund en þá, sem nú, og að vísu ekki alveg réttilega, er nefnd homo sapiens (maður hinn vitri).

Hið fullkomnara mannkyn mun fljótt ná miklu fullkomnari tökum og stjórn á öflum og möguleikum hnattarins en nú er, og örugglega komast á þá braut, sem liggur til sigurs á hrörnun og dauða. En þó er öldin nú þannig, að manni sem óhræsi hefir, með tilstyrk vanþekkingarinnar og sljóvleikans, um langan aldur tekist að pinda og tefja, getur fundist, að ómögulegt sé að muni verða það, sem hann veit þó, að verða mun.

VIII

Ég get ekki skilist við þetta mál án þess að minnast á þau tvö skáld, sem ég hefi mestar mætur á, Jónas Hallgrímsson og Þorsteinn Erlingsson; því að þeir koma hér báðir við sögu. Jónas spáir í hinu undurfagra minningarkvæði, fyrir þeirri framtíð Íslands, er hann hyggur að erfitt muni að verða að trúa, að orðið gæti. Og þó er nú, aðeins einni öld eftir að kvæðið var ort, þegar orðin greinileg sú veðurfarsbreyting, sem mun leiða til þess, að hér geti orðið akrar og skógar. Og hann talar um að treysta guði, en það er sama sem að bera giftu til þess að treysta þeim sannleik, sem ekki verður án verið.

Og að mínu viti hefir í engu íslensku kvæði komið fram jafn skemmtilega skínandi það sem kallað er gení, eins og í afmælisvísum Þorstein Erlingssonar til mín 1903. Þorsteinn skildi betur íslenska sögu en nokkurt skáld annað, og leit svo á, sem íslenska þjóðin hefði verið og væri enn í nokkurskonar álögum. Og hann lætur í kvæðinu í ljós þá von, að álögunum muni verða af létt. Eða með öðrum orðum, að gersamleg breyting til batnaðar muni verða á högum þjóðarinnar. Og hann setur mig í samband við þá gerbreyt-

ingu, svo mjög fjarri öllum líkindum sem þetta virtist, mig, sem aðeins var dálítið fræðimaður, en hinn ólíklegasti til að koma nálægt nokkrum stórkostlegum framkvæmdum, í stjórnmálum eða á annan hátt. En mér hefir, þrátt fyrir allt, auðnast að leiða í ljós þýðingarmeiri sannindi en áður hafa verið fundin. Og það er upphaf mikilla tíðinda. Sú hjálp, sem sannleikurinn veitir oss, mun verða á þá leið, að hvergi verður hér á jörðu, a. m. k. fyrst í stað, eins auðvelt til sambands við guðina og á Íslandi. Hingað mun þá verða sótt víða af löndum, ekki af því að Ísland sé talið merkileg hernaðarstöð, eins og nú er, heldur af því að hér verður nær verið guðunum en í öðrum stöðum, og kostur þeirrar hjálpar, sem ekki verður án verið til að átta sig á því, að mannkyni jarðar vorrar er fyrir sett að vinna verk, sem ekki getur unnið orðið án samtaka mannkynsins alls.

Mun þá þykja gott að lifa, þegar komið verður á þá leið, og æ betra, eftir því sem betur tekst að halda í þá átt, sem er hin rétta til að fá sífellt vaxandi þátt í hinni æðstu fullkomnun.